

## EYD-212

Heiti: Almennur úrgangur	Númer: 8	Flokkun: A	Dagsetning: 23.11.2007
--------------------------	----------	------------	------------------------

### Lýsing á umhverfisþætti:

Allur fastur úrgangur frá Landsvirkjun annar en spilliefni flokkast undir þennan umhverfisþátt. Úrgangur getur verið flokkaður í neðantalda flokka í sorpílát á starfsstöðvunum. Flokkun er mismikil milli starfsstöðva allt eftir því hvernig aðstæður til móttöku eru á hverjum stað. Í leiðbeiningaskjali um umhverfisstjórnun hvernar starfsstöðvar eða verkefnis/framkvæmdar má sjá hvernig flokkun er háttað. Taka skal mið af flokkun í (við) viðkomandi sveitarfélagi. Á höfuðborgarsvæðinu er möguleg flokkun svofelld:

- Bylgjupappi
- Dagblöð og tímarit
- Fernur og sléttur pappír
- Gler, postulín og flísar
- Skrifstofupappír
- Skilagjaldsskyldar umbúðir
- Húsgögn og húsbúnaður
- Lífrænn úrgangur
- Málmar
- Garðaúrgangur
- Timbur
- Grjót og jarðvegur
- Hjólbarðar
- Tölvur og annar rafeindabúnaður

Úrgangur er sóttur af sorphirðufyrirtækjum með starfsleyfi og komið til endurvinnslu eða urðunar hjá viðurkenndum aðilum. Lífrænn úrgangur úr eldhúsi er jarðgerður á sumum aflstöðvum.

### Umhverfisáhrif:

Úrgangur er í eðli sínu auðlind sem hægt er að endurnýta sé hann flokkaður í rétta flokka. Umhverfisáhrif við förgun úrgangs og endurvinnslu felst í flutningi á úrgangi til móttökustöðvar, undirbúning fyrir förgun eða endurvinnslu t.d. hökkun, blöndun og pökkun og umhverfisáhrif tengd niðurbroti úrgangsins. Við flutning á úrgangi er brennd gasolía með tilheyrandi losun koltvíoxíð (CO<sub>2</sub>) og gróðurhúsaáhrifum. Við undirbúning fyrir endurvinnslu eða förgun þarf orku og e.t.v. hráefni.

Reynt skal eftir fremsta megni að endurnýta eða endurvinna úrgang. Almennt má segja að umhverfisáhrif við endurvinnslu úrgangs séu minni en við urðun. Við endurvinnslu ofantalda úrgangsflokka geta orðið mismunandi umhverfisáhrif en almennt eru þau töluvert lægri en við framleiðslu nýrra efna (s.s. pappírs og málma).

Við urðun brotnar lífrænn hluti úrgangsins niður og myndar CH<sub>4</sub> sem veldur gróðurhúsaáhrifum. Hluti metangass sem myndast við urðun á Íslandi er notað á metangasbíla sem eldsneyti. Einnig rennur sigvatn frá urðunarstaðnum sem inniheldur lífræn efni, næringarsölt og lítið magn af umhverfisskaðlegum efnum?.

**Umhverfisáhætta:**

Umhverfisáhætta er engin sérstök vegna umhverfispáttarins.

**Fyrirbyggjandi stýring:**

Á hverri starfstöð/framkvæmd er sköpuð aðstaða til flokkunar og geymslu á úrgangi. Starfsmenn og aðrir sem vinna á starfstöðinni/að framkvæmdinni fá fræðslu um meðhöndlun úrgangs.

**Vöktun:**

Fylgst er með magni úrgangs og er það skráð í grænt bókhald.

**Ástæða flokkunar:**

Úrgangur flokkast sem A umhverfispáttur þ.e. sem þýðingarmikill umhverfispáttur.

Þjóðarmarkmið um að dregið verði úr myndun úrgangs eftir því sem kostur er og hann meðhöndlaður þannig að hann valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið. Einnig að náð verði tölulegum markmiðum um aukna endurnýtingu úrgangs, s.s. umbúðaúrgangs, lífræns úrgangs, rafeindabúnaðar og raftækja.